

**Ed.**

**600. Breytingartillögur**

**[35. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 23. júní 1936, um viðauka við l. nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta, og viðauka við síðar-greindu lögin.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Fyrir orðin „Lög nr. 84/1936 . . . . orðist svo“ í upphafi greinarinnar kemur: Aftan við 1. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi.
2. Við 2. gr. Orðin „2. gr. Við 1. gr. laga nr. 36/1911 . . . . svofelld“ í upphafi greinarinnar falli niður, og greinin verði 2. málsg. 1. gr.
3. Við 3. gr. (verður 2. gr.).
  - a. Framan við greinina bætist:  
Á eftir 1. gr. laganna bætist ný grein, svo hljóðandi.
  - b. Fyrir orðin „samkvæmt 1. og 2. gr. þessara laga“ kemur: samkvæmt 1. gr.
4. 4. gr. (verður 3. gr.) orðist svo:  
Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 84 23. júní 1936, um viðauka við lög nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.
5. 5. gr. (verður 4. gr.) orðist svo:  
Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu haldast óskert kennsluréttindi þeirra manna, sem áður hafa hlotið kennararéttindi.
6. Fyrirsögn orðist svo:  
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.